

AUGLÝSING

um afgreiðslu Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Dalvegur 32A, B og C. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 13. október 2025, með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 8. tl. 3. gr. viðauka IV í samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulagi Dalvegur 32. Í breytingunni felst að byggingarreitur bílgeymslu neðanjarðar á Dalvegi 32C stækkar að hluta til um 5 metra til norðurs en minnkar á norðaustur- og austurhlíð. Byggingarmagn og bílastæðafjöldi eru óbreytt. Ekki eru gerðar breytingar ofanjarðar. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 21. nóvember 2025.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 24. nóvember 2025